

## Hreinsunardagur í Heiðmörk

Laugardaginn 27. maí er fyrirhuguð árleg grisjun og fegrin í skógræktarreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk. Vonast er til að áhugasamir sjái sér fært að taka til hendinni og mæti með sagir og klippur, á tímabilinu frá kl. 10-16.

Fyrir þá sem ekki þekkja leiðina að reit félagsins, þá er farið af Suðurlandsvegi inn á Heiðmerkurveg rétt fyrir austan brúna á Hólmsá. Ekið eftir veginum Hraunslóð, 1,5 km en við hann stendur skiltið Skaftafell þar sem reiturinn okkar er. Fólk taki með sér nesti og ef vel viðrar verður e.t.v. slegið í grill.

### Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: [skaftfellingar@simnet.is](mailto:skaftfellingar@simnet.is)

## Stjórn félagsins 2005 - 2006

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó. Sigurðsson	553 6156	
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Fanney Magnúsdóttir	553 2895	820 2895
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

### Varastjórn

Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

**MUNIÐ AUGLÝSINGAR  
Í DAGBÓKUM DAGBLAÐANNA**



## Mýrdalshreppur

óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars



Ljós.: Kristinn Kjartansson

Söngfélagar og fleiri í Skaftfellingamessu

## Skaftfellingamessan

Sunnudaginn 19. mars síðastliðinn var haldin Skaftfellingamessa í Breiðholtskirkju. Þangað mætti mikið fjölmenni eða u.þ.b. 220 manns að sögn sóknarprestisins Gísla Jónssonar. Sr. Hjörtur Hjartarson fyrrum prestur í Ásum predikaði, en aðrir prestar sem tóku þátt í athöfninni voru sr. Bryndís Malla Elísdóttir, sr. Gísli Jónasson, sr. Sigurjón Einarsson, sr. Haraldur M. Kristjánsson og sr. Elínborg Gísladóttir. Söngfélag Skaftfellinga söng ásamt félögum úr kirkjukórunum í Mýrdal, Skaftártungu, Landbroti og Síðu. Organisti var Brian Roger Haroldsson. Að lokinni athöfn var kaffisamsæti í safnaðarheimili kirkjunnar þar sem Söngfélag Skaftfellinga söng nokkur lög undir stjórn Violetu Smid. Ljóst er af undirteknum þessum að hér gæti verið um árlegan viðburð að ræða.

# Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

2. tbl. maí 2006

Endursendist með upplýsingum um  
nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Kaffiboð aldraðra Skaftfellinga**  
sunnudaginn  
7. maí 2006  
kl. 14:00

- **Aðalfundur Skaftfellingafélagsins**  
fimmtudaginn  
11. maí 2006  
kl. 20:30

- **Hreinsunardagur í Heiðmörk**  
laugardaginn  
27. maí 2006  
frá kl. 10-16

- **Sumarferð Skaftfellingafélagsins**  
laugardaginn  
10. júní 2006

- **Þakgil - útilega**  
helgina 7. – 9. júlí  
([www.thakgil.is](http://www.thakgil.is))

- **Skálm**  
Miðvikudaga kl. 19:30  
Laugardaga kl. 10:00

- **Myndakvöld**  
Áður auglýstu myndakvöldi með Steingrími J. Sigfússyni þarf því miður að fresta til haustsins.

# Kaffiboð aldraðra Skaftfellinga

**í Skaftfellingabúð  
sunnudaginn 7. maí 2006  
kl. 14:00.**

Samkvæmt áralangri hefð er eldri Skaftfellingum boðið til kaffisamsætis og kórsöngs að vori í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.

Um þrjúleytið syngur Söngfélagið nokkur lög undir stjórn Violetu Smid.

Þorsteinn Helgason sagnfræðingur les úr dagbókum afa síns, Þorláks Vigfússonar frá Múlakoti á Síðu.

Að lokum verður stigin dans undir harmonikkuspili.

**Skaftfellingafélagið í Reykjavík  
óskar félagsmönnum gleðilegs sumars**

## Vorferð Skafftellingafélagsins

Vorferð Skafftellingafélagsins verður laugardaginn 10. júní og að þessu sinni farið um Reykjanes, Selvog og lágsveitir Árnessýslu. Brottför frá Breiðholtskirkju í Mjódd, kl. 9. Komið verður við á ýmsum áhugaverðum sögustöðum, meðal annars Garðskagavita, Reykjanesvita, Saltfiskssetrinu í Grindavík og víðar. Reiknað er með að fólk taki með sér nesti og greiði fyrir hádegisverð við Bláa lónið og aðgang að söfnum eða slíku. Síðan verður haldið áfram austur um Herdísarvík í Selvogi að Strandarkirkju. Komið verður við á Stokkseyri og Eyrarbakka og haldið áfram austur Flóann, stoppað við rjómaþúfið á Baugsstöðum, síðan ekið heim um Nesjavelli. Áætlaður kostnaður vegna rútuferðar er kr. 3.500.

Skráning hjá Skúla í síma 864 3415 fyrir miðvikudaginn 7. júní.

## Skálm

Skálmað verður áfram á...  
**laugardagsmorgnum kl. 10 (2 klst.)**  
og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**.

Þá laugardaga sem gengið er á fjöll skal gera ráð fyrir allt að fjórum tímum í þær ferðir.

Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 3.5: Víkingsheimili
- 6.5: Úlfarsfell – við skógrækt
- 10.5: Víkingsheimili
- 13.5: Vífilsfell
- 17.5: Víkingsheimili
- 20.5: Keilir
- 24.5: Víkingsheimili
- 27.5: Heiðmörk – hreinsunardagur félagsins
- 31.5: Víkingsheimili
- 3.6: Heiðmörk - Furulundur
- 7.6: Víkingsheimili
- 10.6: Esja
- 14.6: Víkingsheimili
- 17.6: Heiðmörk - Furulundur
- 21.6: Víkingsheimili
- 24.6: Úlfarsfell v/skógrækt
- 28.6: Víkingsheimili
- 1.7: Esja
- 5.7: Víkingsheimili

7.-9.júlí: Fjölskylduútilega í Þakgili í Mýrdal

Stórskálm sumarsins verður dagana 11. – 15. júlí og er þá stefnan tekin á Langasjó, Fögrufjöll, Skælinga, Gjátind allt niður í Skaftártungu.

Miðvikudagar til 15. okt.:  
Elliðaárdalur frá Víkingsheimili  
Laugardagar til 15. okt.:  
Heiðmörk - Furulundur.

## Aðalfundur Skafftellingafélagsins

Aðalfundur Skafftellingafélagsins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 11. maí 2006, kl. 20:30 í Skafftellingabúð, Laugavegi 178. Venjuleg aðalfundarstörf.

## Sala Skafftellingabúðar

Á félagsfundum í Skafftellingafélaginu sem auglýstur var í síðasta fréttabréfi og haldinn var 9. febrúar síðastliðinn var upplýst að ráðast þyrfti í verulegar endurbætur á húsnæði félagsins, þ.e.a.s. utanhússviðgerðir. Kom þá í ljós að hlutur Skafftellingafélagsins í þessum viðgerðum yrði nálægt 12 milljónum. Þótti mönnum þetta stór bita og var því niðurstaða fundarins sú að fela stjórn félagsins að selja húsnæðið á grundvelli þess tilboðs er borist hafði í húsið. Var það og gert, en þar sem þráinn Karlsson eigandi að hinum þremur hæðum hússins átti forkaupsrétt, gekk hann inn í tilboðið og var gengið frá sölu Skafftellingabúðar þann 21. febrúar síðastliðinn. Samkvæmt tilboðinu fær Skafftellingafélagið að nýta húsnæðið fyrir starfsemi sína án endurgjalds til 31. ágúst næstkomandi og ef til vill lengur ef um semst. Unnið er nú að því að finna félaginu nýtt húsnæði, 250-300 fermetra með góðum sal, eldhúsi og snyrtingum. Hafi menn hugmyndir um húseignir hér á höfuðborgarsvæðinu sem hentað gætu félaginu, eru þeir vinsamlegast beðnir að hafa samband við stjórn félagsins.

## Fjölskylduútilega í Þakgili

Þriðja árið í röð er áformað að hittast í fjölskylduútilegu í Þakgili á Höfðabrekkuafrétti dagana 7.-9. júlí. Aðsókn hefur aukist ár frá ári og gefst þarna enn eitt tækifærið til að gleðjast með öðrum Skafftellingum við leiki og kveldsöng. Tekið skal fram að þarna hefur mætt sambland af heimamönnum úr Mýrdal og burtfluttu útilegufólki úr borginni.



Ljós. Kristinn Kjartansson 2004

Í þessum útileguferðum hefur Einar Kjartansson frá Þórisholti ásamt Kristni bróður sínum sinnt leiðsögn í göngu- og jeppaferðum um nærliggjandi vegi og vegleysur, enda gjörkunnugur fjallasmali þar til fjölda ára.

Góðar upplýsingar um þessa stórbrotu náttúruferlu má finna á vefsíðunni: [www.thakgil.is](http://www.thakgil.is) Sjáumst þarna sem allra flest.



**Bæjarstjórn Hornafjarðar**  
óskar öllum Skafftellingum gleðilegs sumars



**Skaftárhreppur**  
óskar öllum Skafftellingum gleðilegs sumars